

Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla nr. 13 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 23.4.2021

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí 2020 sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift er til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirsprungnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@fm.is.

Í stöðuskýrslu þrettán er fjallað um stöðuna í mikilvægum málaflokkum, greint er frá stöðu félagslegra og atvinnutengdra aðgerða auk þess sem uppbyggingarteymið leitaði svara frá sveitarfélögum um framgang bólusetningar viðkvæmra hópa.

Áhugavert í þrettánda stöðuskýrslu

- Heimilisofbeldismálum og ágreiningi meðal skyldra/tengdra aðila fjölgaði um **11%** árið 2020 samanborið við meðaltal árána 2017-2019 skv. upplýsingum frá lögregluembættum landsins. Á höfuðborgarsvæðinu var þessi aukning **3%**.
- Í janúar og febrúar var hlutfallsleg fjölgun mála sem tengjast heimilisofbeldi **25%** hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu borið saman við meðaltal sömu mánaða síðustu þriggja ára á undan.
- Kallað var eftir upplýsingum frá SÁÁ og Samhjálp um stöðu meðferðarúrreða á tímum COVID-19. Óháð aðgengi, **fækkaði þeim sem fengu fyrstu innlög á Vogum um 26% árið 2020**, sérstaklega á meðal þeirra sem eru yngri en 40 ára. **Takmarkað aðgengi að afeitrun** hamlar því að fólk geti þegið tilboð um meðferð á Hlaðgerðarkoti.
- **Óveruleg breyting** er á biðlistum eftir meðferð hjá Barnaverndarstofu á milli ára.
- Nú þegar um einn mánuður er liðinn frá því átaksverkefnið **Hefjum störf** fór af stað hafa verið skráð um **3.000 störf** til Vinnuálastofnunar. Ráðningar ganga vel og í tengslum við átakið hafa um **700 einstaklinga fengið ráðningu** í mars og apríl. Frá áramótum hafa verið skráð um 3.600 störf hjá stofnuninni og gengið hefur verið frá ráðningum ríflega 1.000 einstaklinga með styrk.
- Ljóst er á svörum sveitarfélaga og/eða félagsþjónustusvæða til uppbyggingarteymis að bólusetning til viðkvæmra hópa gengur vel og nú er nánast **búið að bólusetja alla** sem búa í sértækum búsetuúrreðum fyrir fatlað fólk á Íslandi.
- Í apríl var gengið frá styrkjum úr Þróunarsjóði innflytjendamála til sjö verkefna sem sérstaklega eiga að miða að því að auka **virgni ungra innflytjenda**, en uppbyggingarteymið lagði fram tillögu þess efnis í stöðuskýrslu sinni frá 24. september á síðasta ári sem nú er að raungerast í verkefnum ólíkra aðila.

Staðan í ýmsum málaflokkum.

Ofbeldi

Heimilisofbeldi

Lögreglan getur skráð ofbeldi í nánnum samböndum með tvennum hætti, sem heimilisofbeldi og ágreining meðal skyldra/tengdra aðila. Ef skoðaðar eru heildartölur yfir báða flokkana árið 2020 og meðaltal síðustu þriggja ára á landsvísu þá var heildarfjöldi mála 2.214 og meðaltal síðustu þriggja ára 1.998, eða **fjölgun um 11%** hjá öllum lögregluembættunum.

Fjölgun mála á höfuðborgarsvæðinu í heimilisofbeldi og ágreiningi meðal skyldra/tengdra aðila var 3% árið 2020 í samanburði við meðaltal síðustu þriggja ára. Þannig fjölgaði heimilisofbeldismálum um 14% á meðan ágreiningi meðal skyldra/tengdra aðila fækkaði um 7% samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára þar á undan. Nálkast má greiningu niður á lögregluembætti [hér](#).

Hvað fyrstu mánuði ársins 2021 varðar þá liggja ekki fyrir opinberar tölur um þróunina á landsvísu en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu birtir mánaðarskýrslur um lykiltölur í afbrotatölfræði hjá embættinu. Þar kemur fram í febrúar skýrslunni að það hafi verið stífgandi í tilkynningum um heimilisofbeldi í janúar og febrúar samanborið við síðustu þrjú ár. Þannig var fjöldi tilkynninga árið 2018 129, árið 2019 114, árið 2020 119, og árið 2021 151 í janúar og febrúar eða hlutfallsleg fjölgun upp á 25% samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára þar á undan.

Heimild: https://issuu.com/logreglan/docs/lykiltolur_2021_febr_ar

Kynferðisofbeldi

Ekki liggja fyrir opinberar tölur um þróun kynferðisbrota á landsvísu hjá lögreglunni.

Í febrúarskýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að það sem af er ári hefur tilkynntum kynferðisbrotum fækkað samanborið við síðustu þrjú ár. Þannig var fjöldi tilkynntra brota árið 2018 61, árið 2019 47, árið 2020 36 og árið 2021 43 í janúar og febrúar eða hlutfallslegs fækkun upp á 10% samanborið við meðaltal sama tímabils síðustu þriggja ára þar á undan.

Heimild: https://issuu.com/logreglan/docs/lykiltolur_2021_febr_ar

Vitundarvakning um ofbeldi – „Segðu frá“

Í nóvember sl. fór í loftið nýr vefur 112.is en um er að ræða rafræna gátt þar sem finna má alhliða upplýsingar um ofbeldi, fræðsluefni, úrræði o.s.frv. Á 112.is er einnig hægt að tilkynna um ofbeldi í netspjalli við neyðarverði Neyðarlínunnar.

Samhliða var sett af stað öflug vitundarvakning um ofbeldi með skilaboðunum „Segðu frá“ þar sem almenningur er hvattur til þess að tilkynna um ofbeldi með því að hafa samband við 112. Vitundarvakningin er liður í sérstökum aðgerðum stjórnvalda til þess að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins en á tímum efnahagsþrenginga og áfalla er viðbúið að ofbeldi aukist. Í því ljósi ákváðu stjórnvöld að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum og viðkvæmum hópum þ.m.t. fötluðu fólki, öldruðum og fólki af erlendum uppruna.

Skýrsla um ofbeldi gegn öldruðum

Í mars gaf greiningardeild ríkislögreglustjóra út skýrslu um ofbeldi gegn öldruðum á Íslandi. Í skýrslunni er farið yfir ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið á ofbeldi gegn öldruðu fólki, bæði hérlendis og erlendis. Niðurstöður skýrslunnar sýna að ofbeldi gegn öldruðum er alla jafna mjög falið og einkennin eru ekki nægilega þekkt en helstu birtingarmyndir ofbeldis gegn öldruðum eru andlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi og vanræksla. Þá er sjaldan tilkynnt um ofbeldi gegn öldruðu fólki.

Að mati greiningardeildarinnar er þörf á frekari rannsóknum hérlendis og að hugarfarsbreytingu þurfi í samfélaginu til að afhjúpa vandann. Þá leggur greiningardeildin m.a. til að farið verði í almenna vitundarvakningu um ofbeldi gegn öldruðum, lögreglan fái þjálfun í að greina ofbeldi gegn öldruðum, hvatt verði til öflugri samvinnu meðal löggæslu, félagsþjónustu og þeirra sem koma að málum og að mótuð verði stefna og verklag varðandi þessa tilteknu birtingarmynd ofbeldis.

Slóð á skýrslu: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/03/Ofbeldi-gegn-oldrudum.pdf>

Meðferðarúrræði og ungt fólk

Meðferðir SÁÁ fara aðallega fram á þremur stöðum, það er á sjúkrahúsinu Vogu, eftirmeðferðarstöðinni Vík á Kjalarnesi og á göngudeildum í Reykjavík og á Akureyri. Á Vogu fækkaði innritunum um 21% vegna niðurskurðar og heimsfaraldurs. Óháð aðgengi hefur fyrstu innlögnum fækkað um 26% á Vogu, sérstaklega á meðal þeirra sem eru yngri en 40 ára. Innlagnarbeiðnum fækkaði um 18% á milli ára eða um 610 beiðnir. Ekki fækkaði á biðlista á sama tíma. Komum í hópa á göngudeildum fækkaði um tæplega helming samanborið við árið 2019.

Samhjálp rekur meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot þar sem 28 einstaklingar með fjölþættan vímuefnavanda geta dvalið. Tekist hefur að halda þjónustunni nokkuð óskertri á tímum faraldurs ef frá eru taldir mánuðirnir apríl og nóvember þar sem húsinu var lokað fyrir frekari inntökum í nokkrar vikur. Inntökum fækkaði lítillega á árinu 2020 eða úr 172 árið 2019 í 142 árið 2020. Aðspurðir telja sumir skjólstæðingar sem dvöldu á Hlaðgerðarkoti stöðuna hafa verið þeim til góða því áreiti var minna frá samfélaginu á tímum heimsfaraldurs. Vaxandi vandi hefur verið fyrir skjólstæðinga að komast í afeitrun þegar þeir fá tilboð um meðferð á Hlaðgerðarkoti. Þessi vandi er ekki nýr af nálinni en hefur ágerst á tímum heimsfaraldurs þar sem færri pláss hafa verið í boði á Vogu og LSH að sögn Samhjálp. Umræða er innan skjólstæðingahóps Samhjálp um að neysluvandi sé að aukast og vanlíðan sömuleiðis. Sú upplifun endurspeglar þó ekki í fjölda á biðlista í Hlaðgerðarkoti þar sem biðlisti hefur haldist nokkuð stöðugur í gegnum heimsfaraldurinn.

Stuðlar og önnur meðferðarúrræði Barnaverndarstofu. Ef fyrstu þrjú mánuðir ársins eru bornir saman við fyrstu þrjú mánuði árána 2019 og 2020 þá eru vísbendingar um að umsóknum á Stuðlum gæti fjölgað á árinu en þær voru tólf á tímabilinu janúar- mars 2021 en sjö á sama tíma árið 2020 og fjórar árið 2019. Hins vegar eru þetta fá börn og miklar sveiflur á milli mánaða og því er ekki hægt að segja með óyggjandi hætti að fjöldinn sé frábrugðinn fyrri árum. Umsóknum fyrir stúlkur virðist fjölga á milli ára og er rúmlega helmingur allra umsókna á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við 42% árið 2020 og 34% árið 2019. Ef heildarfjöldi umsókna um meðferð er skoðaður þ.e. bæði fyrir meðferðarheimilin og MST (meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda) þá voru umsóknir alls 38 fyrstu þrjú mánuði ársins samanborið við 42 umsóknir að meðaltali fyrstu þrjú mánuði árána 2014-2020.

Staða félagslegra aðgerða

Sumarverkefni fyrir viðkvæma hópa

Ákveðið var að veita fjármagni til skilgreindra sumarverkefna undir málaflokki fatlaðs fólks vegna áhrifa COVID-19 fyrir sumarið 2021 líkt og gert var sumarið 2020. Sumarverkefnin sem fengu fjármagn fyrir sumarið 2021 eru:

Sumarbúðir í Háholti í Skagafirði.

Sumarbúðirnar bjóða börnum og ungmennum á aldrinum 8 – 18 ára með ADHD og/eða einhverfu upp á sumardvöl við hæfi. Markmið er að bjóða börnum með ADHD og/eða einhverfu upp á sumardvöl í Háholti í Skagafirði, ýmist eina eða tvær vikur og fjölga þannig valkostum um afþreyingu fyrir þennan hóp, bjóða upp á tilbreytingu yfir sumartímann og rjúfa félagslega einangrun þeirra og létta á álagi af fjölskyldum barna vegna afleiðinga COVID 19. Tekið verður á mótí 10-14 börnum í einu í 1-2 vikur í senn. Gert er ráð fyrir því að um 80–120 börn geti nýtt sér þessa þjónustu í sumar.

Ævintýranámskeið í Menntasetrinu við lækinn í Hafnarfirði.

Markmið ævintýranámskeiða er að bjóða börnum og ungmennum með sérþarfir upp á leikjanámskeið í anda þess sem boðið er upp á á höfuðborgarsvæðinu. Námskeiðið er á daginn til að rjúfa félagslega einangrun barna og ungmenna með fötlun og/eða sérþarfir og létta álagi af fjölskyldum þeirra eftir þær aðstæður sem sköpuðust við útbreiðslu COVID-19. Einnig á að gera tilraun með að bjóða systkinum fatlaðra barna að vera með á tveimur tímabilum. Markmiðið þar er að styrkja systkinatengslin með því að verja tíma saman í skemmtilegu umhverfi. Unnið er eftir sömu hugmyndafræði og í sumarbúðunum í Reykjadal. Gleði, jákvæðni og ævintýri lýsa starfseminni vel. Dagskráin er í líkingu við það sem þekktist á öðrum leikjanámskeiðum þar sem tekið er tillit til fötlunar og þarfa hvers og eins í starfinu. Gert er ráð fyrir því að um 80–100 börn geti nýtt sér þessa þjónustu í sumar.

Sumarorlof í Vík í Mýrdal og á Húsavík.

Markmið sumarorlofsbúðanna er að fjölskyldur fatlaðra barna fái tækifæri til hitta aðrar fjölskyldur í skemmtilegu umhverfi, upplifa jákvæða hluti saman, finna samkennd og hafa gaman. Fjölskyldurnar fá þannig tilbreytingu og tækifæri til þess að rjúfa félagslega einangrun sem kann að hafa skapast vegna afleiðinga COVID-19. Verkefnið byggir að hluta á norrænni fyrirmynd. Gert er ráð fyrir sjö tímabilum yfir sumarið en hvert tímabil stendur frá fimmtudegi til mánudags. Gert er ráð fyrir því að um 40 fjölskyldur geti nýtt sér þessa þjónustu í sumar.

Sumarorlofsbúðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (Hótel Hekla).

Verkefnið snýst um að bjóða fólki með fötlun á aldrinum 21-35 ára að komast í sumarfrí í anda Reykjadals. Boðið er upp á vikudvöl á Hótel Heklu þar sem gleði, jákvæðni og ævintýri eru höfð að leiðarljósi líkt og í Reykjadal. Gestum verður boðið að upplifa kvöldvökur í anda Reykjadals og njóta lífsins í góðra vina hópi. Þá verður fjölbreytt afþreying í boði. Starfsemi hefst 14. júní og lýkur 6. ágúst. Gert er ráð fyrir því að um 80–100 einstaklingar geti nýtt sér þessa þjónustu í sumar.

Félagsstarf ungmenna í viðkvæmri stöðu

Ákveðið var að veita allt að 90 m.kr. til að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna 12-16 ára í viðkvæmri stöðu árið 2021 vegna áhrifa COVID-19. Stutt verður við sveitarfélög sem vegna COVID-19, hyggjast auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi barna í viðkvæmri stöðu umfram hefðbundið starf. Frestur sveitarfélaganna til að sækja um styrk rennur út **21. apríl** næstkomandi og nú þegar hafa **26 umsóknir** borist. Gert er ráð fyrir að þau sveitarfélög sem uppfylli skilyrði fái greiðslu í byrjun júní 2021.

Ráðgjafarstofa innflytjenda

Ráðgjafarstofa innflytjenda hefur verið starfrækt í tvo mánuði og hafa **547 erindi** borist á þeim tíma. Ljóst er að mikil þörf er fyrir slíka þjónustu en auk þess að svara erindum þá hefur stofan verið virk á samfélagsmiðlum með upplýsingagjöf um bæði heimsfaraldurinn og jarðhræringarnar á síðustu vikum. Flest erindi sem berast ráðgjafarstofunni snúa að skráningu í landið, dvalarleyfum og atvinnumálum. Þá leituðu margir til ráðgjafarstofunnar vegna skattaframtala í marsmánuði. Ráðgjafarstofan býður upp á þjónustu í **netspjalli á sjö tungumálum** sem er mikið nýtt, sérstaklega þegar samkomutakmarkanir eru í gildi. Með tilkomu ráðgjafarstofunnar hefur létt verulega á stofnunum og sveitarfélögum en stofan nær að afgreiða helming erinda sem berast til ráðgjafarstofunnar án þess að þurfa að vísa þeim áfram.

Styrkir úr Þróunarsjóði innflytjendamála

Í síðustu viku var tilkynnt um styrki úr Þróunarsjóði innflytjendamála þar sem meðal annars var úthlutað 20 m.kr viðbótarfjármagni sem sett var í sjóðinn vegna rannsókna og verkefna sem snúa sérstaklega að ungmennum af erlendum uppruna sem eru á aldrinum 16-19 ára og eru hvorki í námi né vinnu (NEET). Veittir voru sjö styrkir auk þess sem fjármagn verður nýtt til þess að bæta tölfræðiupplýsingar um þennan hóp.

Mikilvægt verður að afla frekari upplýsinga um áhrif efnahagsþrenginga vegna COVID-19 á erlend ungmenni á aldrinum 16-19 ára svo hægt sé að bregðast við með markvissum aðgerðum. Úthlutun þessa viðbótarfjármagns er í beinu samræmi við tillögu uppbyggingarteymis frá 24. september 2020 sem kvað á um að fjármagn til sjóðsins yrði hækkað verulega vegna áhrifa COVID-19 og að ein af áherslum sjóðsins skyldi verða virkniúrræði fyrir innflytjendur og flóttafólk.

Þau sem hlutu styrki voru:

- **UMBRAL - samtök fyrir ungmenni í fjölmenningu.** *The intercultural youth center on the road.*
- **Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu.** *Íslenskukennsla og aðlögun að íslensku samfélagi.*
- **Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.** *Tengivirkið.*
- **Einurð ehf.** *Að vera sjálfs síns herra (To create your own future)*
- **Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins.** *NEET hópurinn: Staða og bakgrunnur erlendra ungmenna utan vinnumarkaðar og skóla.*
- **Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.** *Ungir innflytjendur – Samfélagsverkefni.*
- **Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.** *Taka tvö.*

Háskólasetur Vestfjarða annast umsýslu með úthlutun styrkja og eftirfylgni samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið.

Félagsstarf fullorðinna

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög á nýjan leik til að efla enn frekar félagsstarf fullorðinna í sumar með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19 þar sem eldri borgarar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun að undanförmu m.a. vegna sjálfsskipaðrar sóttkvíar.

Sveitarfélögum gefst kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna þar sem hvert sveitarfélag getur sótt um **1.700 kr. fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu sem er 67 ára og eldri** miðað við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1.1.2021. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksframlag verði ekki undir 100.000 krónum.

Við framkvæmd á verkefninu vorið 2020 var öllum sveitarfélögum boðið að sækja um styrk fyrir verkefnum til eflingar á félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020. Verkefnin sem sveitarfélögin réðust í voru fjölbreytt og var almenn ánægja með framkvæmdina.

Samið var við bæði ÍSÍ og Landssamband eldri borgara um að ráða tvo starfsmenn til að aðstoða áhugasöm sveitarfélög um land allt við að innleiða heilsuefningu til framtíðar sem felur í sér skipulagða þjálfun og aukið heilsulæsi aldraðra m.t.t. hreyfingar, næringar og annarra þátta sem skipta sköpum fyrir heilsu þeirra og líðan. Áhersla er lögð á samstarf við Landssamband eldri borgara (LEB), félög eldri borgara á hverjum stað, íþróttafélög og líkamsræktarstöðvar.

Auk ofangreinds hefur nýlega verið stutt við gerð fræðsluefnis um heilsuefningu eldri borgara og svo var gert samkomulag við Rauða krossinn á Íslandi og LEB um fjölgun sjálfbodaliða í símavinaverkefni Rauða krossins með sérstaka áherslu á eldri borgara.

Hefjum störf - Staðan

Líkt og greint var frá í síðustu stöðuskýrslu þá fór átaksverkefnið [Hefjum störf](#) af stað í lok mars mánaðar þar sem markmiðið er að skapa störf fyrir fólk sem verið hefur lengi án atvinnu og aðstoða einstaklinga sem fullnýta eða hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta við að öðlast sess á vinnumarkaði á nýjan leik.

Nú þegar um einn mánuður er liðinn frá því átakið fór af stað hafa verið skráð um 3.000 störf undir merkjum **Hefjum störf**. Megnið af skráningum er frá fyrirtækjum um land allt en búast má við því að sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök komi inn með sínar skráningar á næstu vikum. Heildarmarkmiðið í upphafi var 7.000 störf, þar af 2.500 störf tengd tímabundnum sumarstörfum til námsmanna sem nú eru í undirbúningi og ekki farin af stað. Í mars og það sem af er apríl hafa verið gerðir um **700 ráðningarsamningar** en haft skal í huga að starf verður fyrst til þegar ráðning hefur átt sér stað. Hvað ráðningar varðar virðist halla nokkuð á ríki og sveitarfélög enn sem komið er, en ráðningar til ríkis og sveitarfélaga í gegnum átakið eru einungis um 2% af öllum ráðningarsamningum í mars og það sem af er apríl.

Ljóst er því að átakið fer mjög vel af stað en frá áramótum hefur Vinnuálastofnun skráð um 3.600 störf tengd ráðningarstærkjum og þar af er búið að ganga frá rúmlega 1.000 ráðningarsamningum.

Staða bólusetninga viðkvæmra hópa.

Uppbyggingarteymið ákvað í ljósi vísbendinga fyrir páska að óska eftir upplýsingum frá sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum um stöðu bólusetninga meðal einstaklinga sem búsettir væru í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk. Einnig var óskað eftir stöðu bólusetninga meðal starfsfólks sem starfaði í slíkum húsnæðisúrræðum. Svör bárust frá fjórtán sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum og svo virðist sem að þær áhyggjur sem sveitarfélög á

höfuðborgarsvæðinu höfðu uppi fyrir páska væru nú sem betur fer úr sögunni. Bólusetning hefur gengið vel og er von á því að enn fleiri einstaklingar sem tilheyra viðkvæmum hópum fái bólusetningar á næstu vikum.

Hagir og líðan aldraðra

Í niðurstöðum könnunarinnar [*Hagir og líðan aldraðra á Íslandi árið 2020*](#) sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir félagsmálaráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landssamband eldri borgara kemur fram að níu af hverjum tíu öldruðum telja andlega heilsu sína góða og 70% eru mjög sjaldan eða aldrei einmana. Þá sýna niðurstöðurnar einnig að 23% svarenda töldu sig hafa einangrast frekar eða mjög mikið eftir að COVID-19 faraldurinn byrjaði og 7% töldu að einangrunin myndi hafa varanleg áhrif. Þá töldu 19% svarenda að andlegri heilsu þeirra hafi hrakað eftir að COVID-19 faraldurinn hófst og 29% töldu að líkamlegri heilsu hafi hrakað.